

Ný stefna menntamálaráðuneytis í upplýsingatækni

Áræði með ábyrgð er heitið á nýrri stefnu menntamálaráðuneytis um upplýsingatækni í menntun, menningu og vísindum til ársins 2008.

Í inngangi menntamálaráðherra að stefnunni er hvatt til áræðis við að kanna nýjar leiðir og breyta starfsháttum með nýtingu upplýsingatækni. Það þýði þó ekki að kasta eigi fyrir róða góðum gildum, kröfum og viðmiðum um gæði heldur ber jafnframt að sýna ábyrgð til að gera vel.

Stefnan skiptist í fimm málaflokkar þar sem fjallað er um ólíkar hlíðar upplýsingatækninnar, stöðu hennar og framtíðaráhrif. Aðgangur að upplýsingasamfélaginu felur í sér að allir hafi tækifæri til að tileinka sér nauðsynlega færni og taka á eigin forsendum þátt í

upplýsingasamfélaginu. Litið er til upplýsingalæsis, möguleika til endurmenntunar, jafnra tækifæra allra þjóðfélagshópa, verndun íslensks máls og íþrótt- og æskulýðsmála. Undir fyrirsögninni *Tæki og fjarskipti* er fjallað um þann grunnbúnað sem upplýsingasamfélagið byggist á og sett fram sú framtíðarsýn að íslenskar mennta-, menningar- og vísindastofnanir verði í fararbroddi í nýtingu fjarskipta- og tölvutækni og aðlögun hennar að sínum þörfum.

Stafrænt efni verður æ mikilvægara á tímum nýrra miðla og undir þeim málaflokki er fjallað um nýja möguleika tækninnar við framleiðslu og miðlun efnis með stafrænni tækni þar sem Íslendingar eigi vól á fjölbreyttu og vönduðu stafrænu efni í menntun, menningu og

vísindum. Eitt það mikilvægasta í framgangi upplýsingatækni eru ný tækifæri með breyttum starfsháttum. Þróun upplýsingatækninnar hefur opnað nýjar leiðir til að bæta þjónustu og skapa fjölbreyttari möguleika en eigi kostir tækninnar að nýtast þarf að huga að breyttum starfsháttum til að uppskeri ávinning af nýtingu hennar.

Aukin notkun Netsins og upplýsingatækni hefur vakið margar spurningar um siðferði og öryggi. Því er í stefnunni fjallað um álitæfni í höfundarréttarmálum á tímum mikilla tæknibreytinga og hvatt til aðgæslu og ábyrgðar í netnotkun ungmennta.

Ritið *Áræði með ábyrgð* verður gefið út 4. mars og kynnt á ráðstefnunni [UT2005](#) þann dag.



Rannveig Rist afhendir menntamálaráðherra símtækið sem Ronald Reagan forseti Bandaríkjanna, kom með til landsins árið 1986.

Síminn gefur ríkissjóði Fjarskiptasafnið við Suðurgötu

Fjarskiptasafn Símans við Suðurgötu hefur verið fært ríkissjóði til eignar samkvæmt ákvörðun stjórnar Símans.

Um er að ræða húsið sem áður hýsti gömlu loftskýtastöðina og alla munina sem þar eru sýndir. [Þjóðminjasafnið](#) mun fara með umráð og umsýslu safnsins og er stofnuninni frjálst að nýta húsið og ráðstafa því á þann hátt sem best þjónar markmiðum þess.

Rannveig Rist, stjórnarformaður [Símans](#), afhenti Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, menntamálaráðherra Fjarskiptasafnið í Þjóðminjasafninu sl. fimmtudag og færði henni tvo muni úr safninu. Eitt fyrsta borðsímtæki sem hingað kom og símtækið sem Ronald Reagan, forseti Bandaríkjanna, kom með til landsins og tengdur var beint við Hvíta húsið meðan á leiðtogafundinum í Höfða stóð árið 1986. Í gegnum þann síma voru teknar ákvarðanir sem mörkuðu upphafið að endalokum kalda stríðsins.

Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður, fékk síðan Fjarskiptasafnið til varðveislu og Rannveig Rist afhenti henni framtíðarsafngrip fyrir Þjóðminjasafnið, nýtt heimasímtæki sem unnt er að nota til að senda og taka við SMS skilaboðum.

Einar Erlendsson, húsameistari, teiknaði gömlu loftskýtastöðina sem byggð var árið 1918. Þar hefur Síminn rekið safn um sögu loftskýta- og símaþjónustu á Íslandi.

Síminn mun styðja við rekstur Fjarskiptasafnsins með því að greiða tvenn árslauð starfsmanna til tveggja ára. Síminn og Þjóðminjasafnið munu hafa samstarf um sérstaka fjarskiptasýningu í Fjarskiptasafninu árið 2006.

Síminn hefur átt farsælt samstarf við Þjóðminjasafnið og styður m.a. uppbyggingu á mjög metnaðarfullri margmiðlun á safninu. Síminn styður markvisst við menningu, listir, íþróttir og mannúðarmál. Þessi gjöf er liður í þeirri stefnu.

Starfsemi atvinnuleikhópa 2005

Menntamálaráðuneyti hefur að tillögu leiklistarráðs úthlutað af fjárlagaliðnum *Starfsemi atvinnuleikhópa* árið 2005.

Á fjárlögum fyrir árið 2005 eru 47 millj. kr. til atvinnuleikhópa. Að auki komu til endurúthlutunar niðurfelld styrkvilyrði frá fyrri árum, samtals um 5 millj.kr. og nemur því heildarfjárhæðin 52 millj. kr. Samtals voru því 37 millj. kr. til verkefnastyrkja að þessu sinni, að [Hafnarfjarðarleikhúsinu](#) frátöldu og hefur sú fjárhæð aldrei verið hærrí.

Í nýjum samningi við Hafnarfjarðarleikhúsið er ekki lengur heimild fyrir leikhúsið að sækja um listamannalaun, eins og í eldri samningi, og sé miðað við úthlutun listamannalauna á undanföllum árum til Hafnarfjarðarleikhússins fjölgar listamannalaunum til annarra leikhópa um 12 mánaðarlaun, sem er jafnvirði um 2,4 millj. kr.

Stjórn listamannalauna hefur ákveðið að veita samtals 108 mánaðarlaunum til atvinnuleikhópa og eru þau jafnvirði 21,7 millj. kr. Að meðtöldum listamannalaunum eru styrkveitingar til atvinnuleikhópa árið 2005 um 73,7 millj.kr.

Nánari upplýsingar um úthlutunina er á vef menntamálaráðuneytis, [menntamalaraduneyti.is](#).



Evrópskt háskólasvæði – kynningarfundur um Bolognaferlið

Menntamálaráðuneyti og [Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins](#) bjóða til kynningarfundar um Bolognaferlið mánudaginn 7. mars frá kl. 14.00 – 17.00 í hátíðarsal [Háskóla Íslands](#).

Markmið fundarins er að kynna það starf sem fram fer í kjölfar [Bolognayfirlýsingarinnar](#) frá 1999 um samanburðarhæfni æðri menntunar í Evrópu.

Bolognayfirlýsingin miðar að því að skapa evrópskt menntasvæði á háskólastigi til að auðvelda nemendum, kennurum og fræðimönnum að færa sig á milli landa í Evrópu og nema og starfa utan heimalands síns. Gert er ráð fyrir að markmiðum Bolognayfirlýsingarinnar verði náð 2010.

Í Bolognaferlinu er lögð mikil áhersla á hreyfanleika milli landa, gagnkvæma viðurkenningu menntunar og gæðatryggingu.

Allir skólar á háskólastigi hér á landi hafa markmið Bolognaferlisins að leiðarljósi til þess að veita nemendum sínum og starfsmönnum auðveldan aðgang að evrópska menntasvæðinu.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, mun flytja opunarávarp.

